

1803

Þriðjudaginn 2. maí 2000.

Nr. 166/2000. **Ákærvaldið**

(Kolbrún Sævarsdóttir, settur saksóknari)

gegn

Andrési Ingibergssyni

(Brynjar Níelsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Úrskurður héraðsdóms um að A skyldi sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála var staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 2000, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 2000, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. júní nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 2000.

Ár 2000, miðvikudaginn 26. apríl, er á dómþingi, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Helga I. Jónssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að ákærða Andrési Ingibergssyni, kt. 230779-4229, Brekkubæ 12, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 28. júní nk. kl. 16.00.

Með ákæru ríkissaksóknara 17. þ.m. var höfðað opinbert mál á hendur ákærða o.fl., þar sem honum er gefið að sök að hafa á tímabilinu desember 1997 til september 1998 í 6 skipti móttekið og afhent hérlandis samtals 24 kg af kannabis, sem hann vissi að voru ætluð til söludreifingar. Ennfremur er ákærða gefið að sök að hafa á tímabilinu janúar 1998 til september 1999 í um 18 skipti móttekið peninga, samtals að fjárhæð um 11,8 milljónir króna, frá fjórum með-ákærðu o.fl., sem hann vissi að voru afrakstur fíkniefnasölu. Er brot ákærða talið varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 264. gr. almennra hegningarlaga, hvað varðar móttöku hans á peningum.

Fyrir liggur sterkur grunur um að ákærði hafi framið brot sem varðað getur hann allt að 10 ára fangelsi. Um er að ræða stórfellt fíkniefnamisferli, en umræddur innflutningur er í ákæru talinn hafa átt sér stað með skipulögðum hætti hátt á annað ár. Brot það, sem ákærða er gefið að sök, er þess eðlis að telja má gæsluvarðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Með vísan til framangreinds, framlagðra gagna, hæstaréttardóma í málum ákærða frá 17. nóvember og 20. mars sl. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, er fallist á kröfu ríkissaksóknara, eins og hún er fram sett.

Helga I. Jónsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ákærði, Andrés Ingibergsson, sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 28. júní nk. kl. 16.00.